

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 3 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968.

Frá og með 10. apríl 1968 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 3 við Lyfjaverðskrá II frá 15. janúar 1968, útgefið í dag.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. marz 1968.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 41.

1. marz 1968.

REGLUGERÐ

um gjöld af innlendum tollvörutegundum.

1. gr.

Enginn má reka tilbúning á vörutegund, sem gjald ber að greiða af til ríkissjóðs, nema leyfi hafi áður verið fengið hjá tollýfirvaldi, þar sem framleiðslan á að fara fram.

Slíkt leyfisbréf má því aðeins láta af hendi, að umsækjandi:

1. Sé íslenskur ríkisborgari og heimilisfastur hér á landi, þegar leyfisbréfið er veitt og hafi verið það síðasta árið.
2. Sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu.
3. Hafi ekki með dómi verið sviptur rétti til atvinnurekstrar.

Fyrir leyfisbréfið skal gjalda 100 kr. til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Nú hættir leyfishafi að fullnægja framangreindum skilyrðum samkvæmt tölu-liðum 1 til 3 og fellur þá niður réttur hans samkvæmt leyfisbréfinu.

2. gr.

Af vörum sem búnar eru til hér á landi og taldar eru í eftirfarandi gjaldskrá skal greiða innlent tollvörugjald eftir því, sem segir í skránni.

1. kafli.

Sykurvörur og lakkrís.

Gjald skrár nr.	Vörutegund	Gjald- eining	Vörumagns- gjald skv. l. nr. 60/1939 og l. nr. 4/1960	Vörumagnsgjald með álagi skv. heimild í l. nr. 1/1968 eins og heimild sú hefur verið notuð
			aurar	kr.
1.	Marzipan, sykrað	1 kg	630	41.58
2.	Brjóstsukur	—	630	41.58
3.	Munngúm (tyggigúmmí)	—	630	41.59
4.	Töggur (karamellur)	—	630	41.58
5.	Sykraðir ávextir	—	630	41.58
6.	Önnur sætindi	—	630	41.58
7.	Lakkrís og lakkrísvörur	—	630	41.58

2. kafli.

Kakónörur.

Gjald skrár nr.	Vörutegund	Gjald- eining	Vörumagns- gjald skv. l. nr. 60/1939 og l. nr. 4/1960 aurar	Vörumagnsgjald með álagi skv. heimild í l. nr. 1/1968 eins og heimild sú hefur verið notuð kr.
1.	Hreint súkkulaði alls konar, svo sem suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð	1 kg	315	20.79
2.	Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (krem- súkkulaði, krókantsúkkulaði, marzi- pansúkkulaði, nógatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotu- súkkulaði og möndlusúkkulaði ...	—	630	41.58
3.	Kókosbollur	—	630	41.58
4.	„Negrakossar“	—	630	41.58
5.	Rjómalengjur	—	630	41.58

3. kafli.

Kaffibætir og kaffilíki.

Gjald skrár nr.	Vörutegund	Gjald- eining	Vörumagns- gjald skv. l. nr. 60/1939 og l. nr. 4/1960 aurar	Vörumagnsgjald með álagi skv. heimild í l. nr. 1/1968 eins og heimild sú hefur verið notuð kr.
1.	Kaffibætir	1 kg	180	1.80
2.	Kaffilíki alls konar	—	180	1.80

4. kafli.

Drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.

Gjald skrár nr.	Vörutegund	Gjald- eining	Vörumagns- gjald skv. l. nr. 60/1939 og l. nr. 4/1960 aurar	Vörumagnsgjald með álagi skv. heimild í l. nr. 1/1968 eins og heimild sú hefur verið notuð kr.
1.	Gosdykkir, alls konar	1 lítri	45	3.51
2.	Maltöl	—	30	1.98
3.	Hvitöl	—	78	2.34
4.	Annað öl	—	60	5.04
5.	Óáfeng vín	—	315	20.79
6.	Aldinsöft	—	210	4.20
7.	Límonaðisöft	—	210	4.20
8.	Lítað sykurvatn með kjörnum ..	—	210	13.86
9.	Aðrir slíkir drykkir og vökv. ...	—	210	13.86

5. kafli.

Tóbaksvörur.

Gjald skrár nr.	Vörutegund	Gjald- eining	Vörumagns- gjald skv. l. nr. 60/1939 og l. nr. 4/1960 aurar	Vörumagnsgjald með álagi skv. heimild í l. nr. 1/1968 eins og heimild sú hefur verið notuð kr.
1. Vindlar		1 kg	3300	217.80
2. Vindlingar		—	4500	279.00

Áður en vörugerðarmaður hefur sölu á nýrri framleiðsluvöru skal hann tilkynna tollýfirvaldi þar um. Á sama hátt skulu þeir vörugerðarmenn, er leyfi hafa fengið til tollvörugerðar fyrir birtingu þessarar reglugerðar, tilkynna tollýfirvaldi um allar framleiðsluvörur, er þeir hafa með höndum og ákvarðar tollýfirvald, hvort varan er gjaldskyld.

Tollýfirvald getur hvenær sem er krafizt upplýsinga um magn helztu hráefna, er í vörur þær fer, sem framleiddar eru af vörugerðarmanni, hvort sem þær eru gjaldskyldar eða ekki.

Ný framleiðsluvara telst hver sú eining vöru til smásölu, sem frábrugðin er áður sýndum einingum að gerð, þunga eða umbúðum.

Verði ágreiningur um, hvaða vörur séu gjaldskyldar og hver gjöld skulu af þeim krefja, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

3. gr.

Vörumagnsgjald það, sem um ræðir í 2. gr. skal greiða eftir magni varanna, án umbúða. Af vörum þessum skal reikna $\frac{3}{4}$ úr tolleiningu og þar yfir sem heila, $\frac{1}{4}$ allt að $\frac{3}{4}$ sem hálfa, en minna broti skal sleppt.

4. gr.

Vörugerðarmaður skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi tollýfirvalds, áður en tollvara er flutt úr starfsstöð hans, seld eða send til umboðssölu. Um leið og gjald er greitt skal vörugerðarmaður leggja fram vörureikning þann, er um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar hjá tollýfirvaldi, er áritar reikninginn, að gjald hafi verið greitt.

Heimilt skal vörugerðarmanni að auðkenna sjálfur vörureikninga um, að tollvörugjald hafi verið greitt hafi hann til þess löggilta stimpilvél og hafi vegna nota hennar sett hæfilega tryggingu til tollýfirvalds.

Að fengnu samþykki fjármálaráðherra er tollýfirvaldi heimilt að veita leyfi til afhendingar vöru án þess að tollvörugjald hafi áður verið greitt. Gjaldfrestur skal þó aldrei vera lengri en svo, að gjald af afhentum vörum sé að fullu greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum þess mánaðar, er vara var afhent í.

Gjaldfrestur er þeim skilyrðum bundinn, að séu daglegar skrár, skv. 8. gr., eigi færðar eða mánaðarlegum skýrslum um tollvörugerð, sbr. 9. gr. eigi skilað á tilsettum tíma eða sé gjald ekki innt af hendi á réttum tíma, geti innheimtumaður látið lögregluna stöðva atvinnurekstur viðkomanda, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja skrifstofur, verkstofur, tæki og vörur undir innsigli. Þó skal tollýfirvald eigi stöðva framleiðslu á þeirri vöru, sem unnið er að, þegar lokun fer fram, ef tollýfirvald telur hættu á, að birgðir hálfunninna vara, vélar eða verkfæri skemmist, verði vörugerð eigi lokið.

5. gr.

Birgðir tollvöru og efnis til framleiðslu þeirra skulu vera að veði fyrir gjaldinu, sektum og málskostnaði. Séu skil ekki gerð, getur tollýfirvald selt birgðir þær, er fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldinu ásamt vöxtum, sektum og málskostnaði. Það skal gera á uppboði, er boðað sé með viku fyrirvara, og má tollýfirvald krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til birgða, og má þá, án undanfarinnar birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi, sektum og málskostnaði í öðrum eignum gjaldanda.

6. gr.

Geymslu tollvöru og hráefna til hennar skal svo háttáð, að tollýfirvald geti hvenær sem er sett tollvörur og hráefni undir innsigli, ef hann telur þess þörf til tryggingar skilvísri greiðslu á tollvörugjaldinu.

7. gr.

Hver sú eining tollvöru, sem ætluð er til sölu í smásölu, skal auðkennd vörugerðarmanni annað hvort með nafni vörugerðarmanns eða einkenni, er tollýfirvald hefur viðurkennt. Tollýfirvald getur krafizt þess, að á hverri einingu tollvöru í smásölu sé þungi hennar tilgreindur.

Að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins er tollýfirvaldi heimilt að leyfa sölu á vöru án þess að hver eining hennar í smásölu sé auðkennd vörugerðarmanni. Slík leyfi skal því aðeins veita, að gerð vörunnar sé slík, að merkingu verði ekki við komið nema með óeðlilegum aukakostnaði. Ómerкта tollvöru í smásölu skal þó ætíð selja úr heildsöluumbúðum, sem greinilega eru merktar framleiðanda tollvörunnar, enda innihaldi umbúðir þessar eigi meira magn en 5 kg.

8. gr.

Framleiðendur vörutegunda þeirra, sem ræðir um í reglugerð þessari, skulu færa innkaupa- og framleiðslubók, sem skal vera gegnumdregin og löggilt af lögreglustjóra, í Reykjavík af tollstjóra, og hafa þeir heimild til að kveða frekar á um form og færslu bókarinnar. Heimilt skal að færa sérstaka innkaupabók og aðra framleiðslubók enda skulu báðar vera gegnumdregnar og löggiltar.

Færa skal daglega í bók þessa eða bækur:

1. Magn allra hráefna jafnótt og þau eru keypt eða aðfengin til vörugerðarinnar og hver hafi látið þau af hendi.
2. Magn þeirra hráefna, hvert fyrir sig og samtals, sem ganga til framleiðslunnar hvern dag.
3. Framleitt magn daglega af fullunninni vöru og tilgreint, hve mikið magn af hverri vörutegund skv. skjaldskrárliðum 2. gr.
4. Selt magn daglega samkv. sölunótum og tilgreint, hve mikið magn af hverri vörutegund ásamt heildarsöluverðmæti.

Sé rekstrarbókhald vörugerðarmanns í góðu lagi að dómi fjármálaráðuneytis og þar komi skýrt fram upplýsingar skv. 1.—4. tölulið, getur fjármálaráðuneytið heimilað, að í hina löggiltu innkaupa- og framleiðslubók sé eigi fært daglega, en þó ekki sjaldnar en mánaðarlega.

Á hverjum framleiðsludegi skal verkstjóri vörugerðarmanns gera skrá um notuð hráefni og um magn þeirrar tollvöru, er lokið var framleiðslu á undanfarandi framleiðsludag. Magn framleiddrar vöru skal sundurgreina skv. gjaldskrárliðum 2. gr. þessarar reglugerðar. Verkstjóri skal staðfesta skrá þessar með undirskrift sinni. Skrár þessar skulu geymdar á framleiðslustað og vera til sýnis tollýfirvaldi, hvenær sem þess kann að vera óskað.

Framleiði vörugerðarmaður, í tengslum við tollvöruframleiðsluna, eða á sama stað, vörur, sem ekki ber að greiða tollvörugjald af, en notuð eru í að einhverju leyti sömu hráefni og í tollskylda vöru, skal einnig færa í ofangreinda bók eða bækur þá framleiðslu. Gjaldheimtumaður hefur rétt til, hvenær sem hann vill, að rannsaka bækur þessar og bera saman við aðrar bækur vörugerðarmanns, svo og rannsaka birgðir þær, bæði af hráefnum og unnum vörum, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

9. gr.

Vörugerðarmaður skal afhenda réttu tollýfirvaldi mánaðarlega skýrslur, sem hann sjálfur eða prókúruhafi undirritar, þar sem tilgreint sé samkvæmt gjaldskrár-köflum og númerum magn birgða gjaldskyldra vörutegunda í byrjun mánaðar, framleiðsla og sala gjaldskyldra vörutegunda í mánuðinum, svo og birgðir í vörzlu hans í mánaðarlok.

Framangreindri skýrslu skal skilað í lok hvers mánaðar og eigi síðar en innan 15 daga frá mánaðarlokum.

Tollýfirvald lætur í té eyðublöð fyrir skýrslur þessar, svo og eyðublöð fyrir skrár skv. 4. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar.

Það varðar vörugerðarmann dagsektum að upphæð kr. 1000 á dag, séu daglegar skrár skv. 8. gr. eigi gerðar eða skýrslu um tollvörugerð eigi skilað á tilsettum tíma.

10. gr.

Við afhendingu tollvöru skal láta af hendi vörureikning, er tilgreini tegund, magn (kg. lítra) og verð þess afhenta. Sé fleiri en ein tollvörutegund afhent skv. sama vörureikningi skal tilgreina magn og verð hvernar vörutegundar sérstaklega.

Séu aðrar vörur en tollvörur á sama vörureikningi skal telja þær á eftir tollvörum á reikningnum.

Tollvörur má eigi afhenda skv. öðrum reikningseyðublöðum, en er tölusett hafa verið í númeraröð og eru auðkennd af fjármálaráðuneytinu. Vörureikningar skulu bera nafn fyrirtækis þess, er lætur þá af hendi og skal heiti hinnar afhentu vöru vera vélritað eða prentað á þá. Fjármálaráðuneytið getur heimilað, að vörureikningar séu ritaðir með öðrum hætti um stundar sakir, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Afrit vörureiknings skal jafnan vera falt gjaldheimtumanni til athugunar.

Verði afhending tollvara með öðrum hætti en að framan greinir, er heimilt að svipta vörugerðarmann leyfi til tollvörugerðar um stundarsakir eða fyrir fullt og allt.

Óheimilt er kaupmönnum, sem fengið hafa tollvöru til dreifingar, að selja vöruna í öðrum umbúðum en þeim, er um getur í 7. gr. Heildsölum er á sama hátt óheimilt að afhenda tollvöru til smásöludreifingar á öðrum vörureikningum en þeim, er fjármálaráðuneytið hefur auðkennt.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum og gjaldhækkun samkvæmt 7. gr. laga nr. 60 30. desember 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum nema þyngri refsingar liggi við broti samkvæmt öðrum lögum. Sé um að ræða ítrekuð brot eða vanskil á greiðslu tollvörugjalds varða brot missi leyfisbréfs um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru.

Um mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Sektir allar renna í ríkissjóð.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 60 30. des. 1939 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 4 frá 20. febrúar 1960, um efnahagsmál, og lög nr. 87 frá 21. nóvember 1966, um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Vörugerðarmenn þeir, er leyfi hafa fengið til tollvörugerðar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu hafa fært tollvörugerð sína í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar eigi síðar en þremur mánuðum eftir birtingu hennar.

Fjármálaráðuneytið, 1. marz 1968.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

22. marz 1968.

Nr. 42.

AUGLÝSING**um byggingariðnaðargjald.**

Samkvæmt ákvæðum 53. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og fyrirmæli í samræmi við þau ákvæði, skal við tollafgreiðslu greiða sérstakt ½% aðflutningsgjald af tollverði neðangreindra vara, og rennur gjald þetta til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins:

Tollskrárn.

25.23.00 Portlandssement, alúminatsement, slaggssement og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall.

44.01.00—

44.08.00

44.13.11—

44.17.00 Trjáviður í þessum tollskrárnúmerum.

44.18.00 Gervitrjáviður.

73.10.19

73.10.12

73.10.21 Steypustyrktarjárn.

Byggingariðnaðargjaldið skal innheimt af framangreindum vörum, sem móttekna eru til tollmeðferðar 1. apríl 1968 og eftir það.

Með auglýsingu þessari eru úr gildi felld auglýsing nr. 137/1965.

Fjármálaráðuneytið, 22. marz 1968.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Björn Hermannsson.